

Þróun skjálftavirkni við Hellisheiðarvirkjun haustið 2011 til ársloka 2017

Myndin sýnir annars vegar stærð skjálfta og hins vegar uppsafnaðan fjölda skjálfta á tímabilinu. Skjálftagögnin eru fengin úr skjálftamælakerfi Veðurstofu Íslands. Allmikil skjálftavirkni varð þegar niðurdælingarsvæðið við Húsmúla var tekið í rekstur í september 2011 og náði hámarki um miðjan október þegar tveir skjálftar af stærðinni ML 4 riðu yfir. Um áramót 2011/2012 tók að draga úr virkninni og um sumarið 2012 var hún að mestu um garð gengin. Haustið 2012 jókst virknin aftur en var ekkert í líkingu við það sem hún var í upphafi. Ástæða þess var sú að hitaveituframleiðsla á Hellisheiði hófst eftir sumarhlé. Við það kólnaði jarðhitavatnið nokkuð sem olli auknum afköstum niðurdælingarhola og aukinni skjálftavirkni. Snemma árs 2014 varð nokkur skjálftavirkni í tengslum við prófanir og gangsetningu SulFix verkefnisins. Sú virkni var innan viðunandi marka og hafði að mestu fjarð út um sumarið. Um miðjan september 2016 hófst skjálftahrina á Húsmúlasvæðinu við Hellisheiðarvirkjun. Reynslan af rekstri niðurdælingarveitu Hellisheiðarvirkjunar er sú að skjálftar geta orðið við skyndilegar breytingar í rekstrinum. Skoðun á rekstri niðurdælingarveitunnar í tengslum við skjálftahrinuna í september leiddi í ljós að engar breytingar voru gerðar í aðdraganda þessarar hrinu.

